

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara og um breyt. á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

## 1. gr.

2. gr. laga nr. 66/1944 orðist svo:

Í laga- og hagfræðideild eru 4 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt tilmælum háskólans. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á fundi kennara í laga- og hagfræðideild 23. marz 1950 var samþykkt einróma að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það lögtæki frumvarp um að bæta við einum fastakennara í lögfræði. Háskólaráð lýsti á fundi sínum 24. marz sama ár eindregnum stuðningi við tilmæli deildarinnar. Á fundi kennaranna í lögfræði 6. sept. 1951 var samþykktin frá 23. marz f. á. áréttuð. Það er efni frumvarps þessa, að prófessorar í lögfræði skuli vera fjórir, í stað þriggja.

Samkvæmt lögum nr. 36 30. júlí 1909 um laun háskólakennara skyldu vera 3 prófessorar í lagadeild. Var lagadeild þá prófessoraflest allra deilda háskólans, þar eð 2 prófessorar skyldu vera við hverja hinna deildanna, en 1 dósent við sinn hvora deildina, guðfræðideild og heimspeki, og aukakennarar nokkrir í lækna-deild. Við rás tímans hefur þetta hlutfall breytt lagadeildinni mjög í óhag. Þar er tala fastakennara enn hin sama og í sept. 1911, er háskólinn tók til starfa. En hinum deildunum öllum hefur bætzt kennaralið. Eru nú 5 prófessorar í læknisfræði og 1 í tannlækningum, 6 í heimspekideild og 1 dósent, og í guðfræðideild 4 prófessorar. Er lagadeildinni því svo komið nú, að hún er kennarafæst gömlu deildanna um fasta kennara. Ekki stafar þetta þó af því, að lagadeildin sé hornreka, þá er litið er til tölu nemenda, er sótt hafa hana heim. Tala kandidata frá einstökum deildum háskólans er óræk um það atvik. Samanburður á því efni um 15 árin síðustu er svofelldur:

*Kandidatar 1935—1949:*

Guðfræðideild .....	54
Heimspekideild (miðað við kandidata í isl. fræðum) .....	35
Læknadeild (talan tekur ekki til þriggja tannlækna .....	107
Lagadeild (viðskiptafræðingar ótaldir) .....	161

Yfirlit þetta sýnir, að í lagadeild er mest viðkoma kandidata. Lagadeildin er nemendaflest allra deilda háskólans virkra nemenda. Einsætt er, að verkefni kennara hljóta að vaxa öðrum þræði við aukinn fjölda nemenda. Því gegnir t. d. um verkefni þau, er af prófum spretta. Á s. l. háskólaári þreyttu 47 nemendur fyrri hluta og síðara hluta embættisprófs í lögfræði, og stóðu prófin á þriðja mánuð samtals. Ördugt er eða ókleift að koma við kennslu, meðan prófin standa. Hafa þessi miklu próf því þær afleiðingar, að sneiðast hlýtur af kennslutímanum. Viðbót við kennaralið myndi hafa þau áhrif, að verkefni þau, er prófin leggja kennurum, mundu dreifast á fleiri hendur, og væri þá kostur að halda uppi fyrirlesturum í rýmra horfi en nú er, meðan á prófum stendur.

Þegar borin er saman tala fastakennara við lagadeildina og aðrar deildir háskólans, verður enn að hafa í huga, að á kennara lagadeildar eru lögð aukastörf framur því, sem flestir aðrir kennarar skólans þurfa að hlíta. Tveir af kennurum deildarinnar hljóta að annast kennslu í lögfræði í hagfræðideild kauplaust. Er mikil vinnukvöð að þeirri skyldu. Í annan stað eru kennarar lagadeildar varadómendur í hæstarétti, samkv. lögum nr. 112/1935, 5. gr., og eru oft kvaddir til setudómara-starfa í þeim dómi. Í þriðja lagi leitar háttvirt Alþingi eða einstakar nefndir þess oftlega til lagadeildarinnar með tilmæli um álitserð um frumvörp.

Ef seilzt er til samanburðar við lagadeildirnar á Norðurlöndum, kemur upp, að fastir kennarar eru miklu fleiri þar en hér. Við sænsku lagadeildirnar þrjár (í Uppsölum, Lundi og Stokkhólmi) eru 8 prófessorar við hverja deild, við lagadeildirnar í Kaupmannahöfn og Osló er talan svipuð, og sama er um lagadeildina í Helsingfors. Auk þessara kennara koma dósentar, lektorar og aukakennarar. Segja má, að hér sé ólíku saman að jafna, þar sem tala stúdenta hérlendis sé mörgum sinnum minni en við deildir þær, sem nefndar voru. Rannsóknarefnin eru þó eigi fáskrúðugri hér á landi, og viðbúnaður við haldi fyrirlestra vex ekki, þótt